

Bæjarstjórn Árborgar

Austurvegur 2

800 Selfoss

Undirritaðir landeigendur við Ölfusá óska eftir svörum fyrirsvarsmanna Selfossveitna og bæjarstjórnar Árborgar við eftirfarandi spurningum. Mikilvægt er að það verði gert með ítarlegum og rökstuddum hætti þar sem framkvæmd sem þessi kæmi til með að hafa mikil áhrif á náttúru landsins auk beinna og óbeinna áhrifa á hagsmuni íbúa sveitarfélaganna á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár, m.a. vegna laxveiðihlunninda, flóðahættu og óvissu um arðsemi og kostnað. Með ítarlega rökstuddum svörum má ætla að við getum betur áttað okkur á umfangi og stöðu málsins, hver verði næstu skref og hver sé afstaða þeirra sem bera ábyrgð á virkjunaráformum þessum og undirbúningi.

1. Hagkvæmni, arðsemi og fjármögnun.

- A. Yrði virkjun Ölfusár við Selfoss hagkvæm með tilliti til fallhæðar?
- B. Er líklegur stofnkostnaður vatnsvéla og rafala hagstæður með tilliti til orkuframleiðslu og fallhæðar samanborið við aðrar vatnsaflsvirkjanir?
- C. Hvað gögn liggja fyrir um arðsemi fyrirhugaðrar virkjunar, þ.e. mat á tekjum, stofn- og rekstrarkostnaði?
- D. Á hvern hátt kæmi mjög skuldsett sveitarfélag til með að geta fjármagnað milljarða framkvæmd?
- E. Hvernig yrði eignarhaldi virkjunarinnar háttáð?
- F. Hvernig yrði virkjunin fjármögnuð?
- G. Hvaða tryggingar yrðu lagðar fram við fjármögnun?
- H. Hvert myndi meintur arður af virkjuninni renna?

2. Í kynningu Eiríks Bragasonar á fundi með bæjarráði og veitustjórn hinn 9. október 2010 er virkjunin talin umhverfisvæn og sama haldið fram í grein Eypórs Arnalds í Dagskránni 24. mars 2011.

- A. Hvernig getur virkjun Ölfusár verið umhverfisvæn?
- B. Hver er Eiríkur Bragason?

3. Tómas Ellert Tómasson, stjórnarmaður í Selfossveitum, ritar eftirfarandi í greininni “Selfossbær, Selfossbær... er mér kær!” í Sunnlenska fréttablaðinu þann 19.12.2010:

*“Ljóst er að fjölmörg tækifæri munu skapast í samfélaginu í námunda við virkjunina...
... Má þar þá helst nefna aukna atvinnusköpun, aukningu í ferðamennsku, fræðslu um lífríki árinna og auknar tekjur í sveitarsjóð...”*

- A. Hver eru hin fjölmörgu tækifæri sem talið er að muni skapast í samfélaginu með virkjun Ölfusár?
- B. Hvaða fræðslu er átt við? Um lífríkið eins og það var fyrir virkjun eða um tjónið sem virkjunin olli á lífríkinu?

4. Landsréttindi og vatnsréttur.

- A. Á sveitarfélagið vatnsréttinn á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði?
- B. Ef ekki hvert er áætlað eignarhlutfall Árborgar í vatnsréttinum?
- C. Á sveitarfélagið allt það land sem framkvæmdir yrðu á, t.d. vegir, stíflur, skurðir, göng?
- D. Ef sveitarfélagið er ekki eigandi þessara eignarréttinda hver er þá áætlaður kostnaður við kaup á þeim eða eignarnám?

5. Rammaáætlun.

- A. Hvað segir um þennan virkjunarkost í rammaáætlun og umsögnum rýnihópa?
- B. Hvaða þýðingu hefur rammaáætlun almennt og hvaða þýðingu hefur hún sérstaklega við undirbúning virkjunar í Ölfusá að mati Selfossveitna og bæjarstjórnar Árborgar?

6. Rannsóknarleyfi Selfossveitna.

- A. Hvert er efni rannsóknaráætlunar, hvenær skal hefja rannsókn og hvenær skal henni vera lokið?
- B. Hvað hefur verið ákveðið að verja miklum fjámunum til rannsókna á þáttum sem tilteknir eru í umsókn um rannsóknarleyfið?
- C. Hverjum hefur verið falin rannsókn á þáttum samkvæmt rannsóknaráætlun?

7. Umhverfismat.

- A. Liggur fyrir ákvörðun um að fara eigi í umhverfismat?
Ef svo er hver er verkáætlun Selfossveitna varðandi rannsóknir-, umsagnir og gagnaöflun fram að því að gerð yrði tillaga að matsáætlun?
- B. Eru fyrirleggjandi upplýsingar og þekking á áhrifum virkjunar á lífríki vatnasvæðis Ölfusár og Hvítár ekki næg til þess að falla þegar frá áformum um virkjun?

8. Fundir.

Í gögnum málsins og blaðagrein Eypórs Arnalds í Dagskránni fimmtudaginn 24. mars eru taldir upp fjölmargir aðilar sem fundað hefur verið með.

- A. Hvað fór fram á þessum fundum?
- B. Hafa þessir aðilar látið frá sér eitthvað skriflegt?

Selfossi, 7. júní 2011

Jón Árni Vignisson, Selfossi III

Jörundur Gauksson, Kaldaðarnesi

